

25. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 11. janúar 2021 í Huppusalnum í Félagsheimili Hrunamanna og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum, Elsa Ingjalbsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð.

Gengið til dagskrár:

1. Flúðaorka: Nýting Kópsvatnsholunnar.

Á fundinn mæta þeir Ragnar Sær Ragnarsson og Ingvar Garðarsson frá Flúðaorku og Varmaorku og fara yfir stöðuna á rekstri Kópsvatnsvirkjunar og hvernig þeir sjá fyrir sér næstu skref sem er að nýta núverandi fjárfestingu betur.

Veitustjórn þakkar þeim Ragnari Sæ og Ingvari fyrir góðar upplýsingar og fund. Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra og sveitarstjóra að vinna að viðauka við núverandi samning milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku um fjölgun véla til betri nýtingar á orku og afhendingu á heitu vatni fyrir hitaveituna.

2. Útboð á lagnaefni fyrir Hitaveitu Flúða .

Lögð var fram niðurstaða útboðs vegna kaupa á lagnaefni fyrir Hitaveitu Flúða vegna lagningar á hitaveitu frá Kópsvatnsholu að Flúðum og fundargerð frá EFLU um niðurstöðuna. Þar kom fram að þrjár aðilar buðu í verkið en öll verð eru með VSK. Vatn og veitur, kr. 57,2 millj. og frávikstilboð kr. 58,8 millj., Set kr. 38,5 millj. og Ísrör, kr. 44,9 millj. og 44,7 millj. í frávikstilboð. Veitustjórn felur veitustjóra að ganga til samninga við Set um kaup á efni í verkefnið.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:40.